

**Nd.**

**180. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðabreyting á nógildandi fasteignamati.

Flutningsm.: Magnús Jónsson, Jón A. Jónsson, Guðbr. Ísberg.

1. gr.

Nógildandi fasteignamat landsins skal til bráðabirgða lækka um 10%.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1934.

**Greinargerð.**

Þegar nógildandi fasteignamat var gefið út, kom það í ljós, að allar eignir, hús, lóðir og jarðir, höfðu hækkað stórlega í mati frá fasteignamatinu

1920—1921, en hið nýja mat gildir, eins og kunnugt er, fyrir árabilið 1932—1942.

Undirmatsnefndir höfðu hækkað matið allmikið, og það jafnvel án þess að nokkrar umbætur ættu sér stað frá fyrra mati. Og þegar landsnefndin fór að samræma matið, hækkaði hún það enn, í sumum kaupstöðum a. m. k. (Reykjavík og Hafnarfirði) um 10%. Nemur sú hækkun í Reykjavík nál. 6 millj. kr. og í Hafnarfirði yfir ½ millj. kr. Kveðst landsnefndin hafa gert þessar hækkanir til að samræma matið. Mörgum mun nú sýnast, að á þeim krepputímum, sem yfir standa, hefði legið nær að fá samræmi í matið með því að lækka það yfirleitt, í stað þess að hækka það.

Það er alkunnugt, að síðan undirmatið fór fram 1930—1931 hafa allar fasteignir, bæði í sveitum og kaupstöðum, fallið stórkostlega í verði í kaupum og sölum vegna kreppunnar, og það svo, að sumstaðar hefir átt sér stað, að í eignir, sem seldar hafa verið nauðungarsölu, hefir ekkert boð fengizt, og hafa því lánsstofnanir eða kröfuhafar neyðzt til að láta leggja sér þær út, og þá venjulega fyrir 1. veðrétti. Aðrar kröfur hafa fallið.

Þá má og benda á það, að húsaleiga í kaupstöðum hefir fallið á 2 síðustu árum, mjög mikið t. d. í Reykjavík, frá 10—20%, og jafnvel meira í sumum tilfellum; auk þess fæst hún víða ekki goldin, vegna atvinnuleysisins. Sama mun vera raunin á í sveitum, þar sem jarðir hafa verið byggðar síðustu ár, að jarðaleigan hefir líka lækkað og eigi fengizt greidd.

Þar sem nú mikið af gjöldum til hins opinbera, ríkis, bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga, er miðað við fasteignamatið, það notað sem gjaldstofn við álagningu skatta, verður það auðsætt, að skattarnir verða þess tilfinnanlegri, sem fasteignamatið er hærra, og eigi sízt þegar þeir koma fram í mörgum myndum á sömu eignirnar, eins og hér á sér stað.

Vitanlegt er það, að afarmiklar skuldir hvila nú á flestöllum fasteignum landsins og háværar raddir hafa komið fram, síðasta ár a. m. k., um eftirgjafir skulda og vaxtalækkun. En nærri samtímis er fasteignamatið hækkað stórkostlega, og öll gjöld, sem á því eru byggð, að sama skapi. Þetta sýnist ekki vel samrýmanlegt. Virðist því ein af þeim leiðum til að létta undir með hinum þrautpíndu skattþegnum vera sú, að lækka fasteignamatið meðan kreppan stendur yfir.